



# Reglugerð um heiðursviðurkenningar

## 1. grein

Stjórn AKÍS er heimilt, telji hún tilefni til, að veita einstaklingum, félögum eða félagasamtökum viðurkenningu samkvæmt ákvæðum þessarar reglugerðar.

## 2. grein

Heiðursviðurkenningar Akstursíþróttasambands Íslands skiptast í eftirfarandi flokka:

1. Gullmerki AKÍS.
2. Silfurmerki AKÍS.

## 3. grein

Heiðursmerki úr gulli má veita þeim sem unnið hafa langvarandi og þýðingarmikil störf í þágu AKÍS eða akstursíþróttá almennt.

Heiðursmerki úr silfri má veita þeim sem unnið hafa vel og dyggilega að eflingu akstursíþróttá í áratug eða lengur.

## 4. grein

Formaður skal að jafnaði afhenda ofangreindar viðurkenningar. Í fjarveru hans skal afhending vera í höndum varaformanns eða framkvæmdastjóra eða annars aðila sem stjórn ákveður.

## 5. grein

Skrifstofa AKÍS skal halda skrá yfir allar heiðursviðurkenningar AKÍS og birta lista yfir þær á vef sambandsins.

## 6. grein

Reglugerð þessi gildir frá og með 16. mars 2021.

Samþykkt af stjórn AKÍS á stjórnarfundi 16. mars 2021.